



Grunnskólinn í Þorlákshöfn leitar að umsjónakennara í 100% starf á miðstigi til afleysinga frá miðjum janúar 2023 og til loka skólaársins 2022-2023

Í skólanum eru um 250 nemendur í 1. – 10. bekk og við hann starfar hæft og vel menntað starfsfólk. Stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi sem endurspeglast í einkunnarorðum skólans: Vinátta, virðing og velgengni. Skólinn er grænfánaskóli og vinnur að innleiðingu uppeldisstefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar* ásamt áherslu á teymiskennslu. Sveitarfélagið Ölfus hefur sinnt skólamálum af miklum metnaði og er húsnæði skólans afar gott líkt og allur aðbúnaður. Gott samstarf er við leik- og tónlistarskóla á staðnum, en tónlistarskólinn er í húsnæði grunnskólans. Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að vinna samkvæmt stefnu skólans og stuðla að velferð nemenda
- Að mæta fjölbreyttum þörfum allra nemenda
- Vinna í teymi með öðrum umsjónarkennara að kennslu árgangs
- Að vinna að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum
- Að kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum.
- Að stuðla að farsælu samstarfi heimila og skóla.

Hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð hæfni í íslensku
- Faglegur metnaður og skipulagshæfni
- Reynsla og áhugi á að vinna með börnum

Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands (FG). Starfið hentar öllum kynjum og öllum umsóknum verður svarað. Umsóknarfrestur er til og með 19. október 2022. Sótt er um í gegnum vef sveitarfélagsins:

<https://www.olfus.is/is/moya/formbuilder/index/index/umsokn-um-starf> Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá. Umsóknir sem berast að liðnum umsóknarfresti verða ekki teknar til greina. Rétt er að vekja athygli á því að við ráðningu er heimilt að sækja upplýsingar úr sakaskrá.

Nánari upplýsingar má nálgast hjá skólastjóra Ólínu Þorleifsdóttur, olina@olfus.is sími 861-1732 eða aðstoðarskólastjóra Jónínu Magnúsdóttur, jonina@olfus.is sími 845-0467.

Skólastjórnendur

Öllum umsóknum verður svarað.

